

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu í Breiðdalshreppi.

1. gr.

Stofngjald fráveitu fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 65.000 fyrir íbúðarhúsnæði, verslun, þjónustu og stofnanir og kr. 75.000 fyrir iðnaðar- og verslunarhúsnæði.

2. gr.

Af öllum fasteignum í Breiðdalshreppi, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem fráveitugagnir liggja, skal greiða árlegt fráveitugjald til sveitarfélagsins.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skv. 1. gr. skal vera 0,30% af fasteignamati allra húsa og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekkert fráveitugjald.

4. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

5. gr.

Þinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds og er gjaldið tryggt með lögveði í fasteigninni.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í sveitarstjórn Breiðdalshrepps 26. janúar 2015 og er sett með vísan til 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 429/2005.

*Breiðdalshreppi, 6. október 2015.*

**Sif Hauksdóttir** verkefnastjóri.